

Reykjavík, 31. maí 2016.

Efni: Niðurstaða gæðaeftirlits 2015 – áminning

Endurskoðendaráð vísar til bréfs ráðsins til yðar, dags. 4. desember 2015, vegna gæðaeftirlits 2015. Í bréfinu kemur meðal annars fram að eftir yfirferð endurskoðendaráðs yfir skýrslu gæðaeftirlitsmanna telji ráðið að gera þurfi alvarlega athugasemd við framsetningu skulda, eigin fjár og tekjufærslu niðurfellingu skulda í ársreikningi X 2015.

Í bréfinu er jafnframt er tekið fram að til greina komi að beita viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Var yður því veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í málinu. Ráðinu bárust andmæli frá yður með bréfi, dags. 16. desember 2015.

Þar sem þér árituðuð ársreikning X með B endurskoðanda ákvað ráðið að taka áritun hans á ársreikninginn einnig til skoðunar á grundvelli 16. gr. laga um endurskoðendur.

Með tölvupósti, dags. 22. mars 2016, óskuðuð þér ásamt B eftir því að koma á fund endurskoðendaráðs í því skyni að koma að sjónarmiðum yðar við nánar tilgreinda liði í reikningsskilum X og niðurstöðu yðar við endurskoðunina. Þér og B komuð á fund ráðsins þann 6. apríl 2016 ásamt fulltrúum frá PricewaterhouseCoopers ehf. Í kjölfar fundarins óskaði endurskoðendaráð eftir frekari gögnum frá yður og var orðið við þeirri beiðni.

Endurskoðendaráð hefur farið ítarlega yfir andmæli yðar og þau gögn sem óskað var eftir frá yður vegna málsins. Þá hefur endurskoðendaráð haft samráð við ársreikningaskrá við vinnslu málsins. Er það niðurstaða endurskoðendaráðs að ekki sé ástæða til þess að falla frá fyrirhugðaðri athugasemd og ábendingum, sem einnig voru raktar í bréfi ráðsins til yðar, dags. 4. desember 2015. Gerir endurskoðendaráð því eftirfarandi ábendingar og athugasemd við vinnu yðar við endurskoðun ársreiknings X, sem tekinn var til skoðunar í gæðaeftirliti 2015:

Ábendingar

Bent er á að í ráðningarbref vantaði tilvísun í áætlað form áritunar ásamt umfjöllun um að áritun geti orðið önnur en vænst er, sbr. ISA 210.10, liður e.

Bent er á að bæta hafi mátt skjölun í vinnupappírurum um yfirferð virðisrýrnunarprófs til samræmis við ákvæði ISA 330.28.

Athugasemd

Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið settur fyrirvari í áritun í reikningsskilum, heldur eingöngu ábending vegna færslu hlutafjárloforðs í ársreikninginn, en hluthafafundur hafði ekki samþykkt heimild til hækkunar hlutafjár fyrir lok árs 2014. Einnig er gerð athugasemd við að fjárhæð og framsetning skulda í efnahagsreikningi

hafi ekki verið í samræmi við IFRS, þar sem ljóst er að ekki hafði verið samið endanlega um niðurfellingu skulda í lok árs 2014. Af þeim sökum voru ekki til staðar forsendur til þess að færa umræddar breytingar á fjármögnun félagsins á árinu 2014.

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 39 grein 14 kemur fram að skrá skuli eign eða skuld á efnahagsreikning þegar og aðeins þegar samningur sem er bindandi fyrir eininguna hefur komist á. Þetta hefur verið skýrt þannig að óskilyrt krafa eða skuld skuli skráð sem eign eða skuld þegar einingin verður aðili að samningi varðandi kröfuna eða skuldina og ber þ.a.l. skylda til að taka við eða afhenda handbært fé vegna hennar. Ekki verður séð að X hafi verið aðili að samningi og átt óskilyrtan rétt á greiðslu þeirrar hlutfjár aukningar sem skráð var sem eign og eigið fé í ársreikningi félagsins 2014. Þannig ber að líta til þess að ekki hafði verið tekin ákvörðun um hækkunina á hluthafafundi, en samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995 er það hluthafafundur einn sem getur ákveðið hækkun hlutfjár. Samkvæmt fundargerð hluthafafundar, dags. 21. ágúst 2015, var tillaga um hækkun á hlutfé X lögð fram og samþykkt á þeim fundi.

Samkvæmt IAS 10 grein 3 er hægt að tilgreina tvö konar atburði eftir dagsetningu efnahagsreiknings, þ.e. annars vegar þá sem færa sönnur á aðstæður sem voru til staðar við dagsetningu efnahagsreiknings (atburðir eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem kalla á leiðréttingu) og hins vegar þá sem gefa til kynna aðstæður sem komu upp eftir dagsetningu efnahagsreiknings (atburðir eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem kalla ekki á leiðréttingu).

Samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu X á milli Íslandsbanka hf. og X, Y, Z og Q, var undirritað þann 21. ágúst 2015, en 6. grein samkomulagsins ber yfirskriftina „afskriftin“. Í grein 6.1. kemur fram að Íslandsbanki lýsi því yfir að bankinn muni innan fimm virkra daga í kjölfar þess að fyrirvarar samkvæmt 14. gr. samkomulagsins séu uppfylltir og nýtt hlutfé hafi verið greitt inn á reikning félagsins, afskrifa kröfurnar um samtals að jafnvirði kr. 1.545.000.000. Í grein 6.2. segir síðan að afskriftin sé háð því skilyrði að hluthafar X leggi félaginu til kr. 300.000.000 af nýju hlutfé sem skuli greitt með reiðufé inn á bankareikning félagsins. Í 14. grein samkomulagsins er jafnframt ítrekað að samkomulagið sé háð fyrirvara um að nánar tilgreind skjöl, sem upp eru talin í 13. kafla samkomulagsins séu undirritað og frágengin auk staðfestingar á því að hluthafar X hafi greitt kr. 300.000.000 í nýju hlutfé.

Það liggur því fyrir að endanlegur samningur um niðurfellingu skulda var ekki undirritaður fyrr en í ágúst 2015 og var þá jafnframt háður fyrirvara um greiðslu nýs hlutfjár. Það er því niðurstaða endurskoðendaráðs að um sé að ræða aðstæður sem komu upp eftir dagsetningu efnahagsreiknings og átti því ekki að færa í reikningsskilin, sbr. IAS grein 10.10. (e. *An entity shall not adjust the amounts recognised in its financial statements to reflect non-adjusting events after the reporting period*).

Þá segir jafnframt í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 39 grein að afskrá skuli skuldir þegar og aðeins þegar skuldin er greidd, henni aflétt eða hún rennur út samkvæmt samningi. Það er niðurstaða endurskoðendaráðs að munnlegt samkomulag um eftirgjöf skuldar með skilyrði um

hlutafjár aukningu sem ekki var samþykkt með formlegum hætti af hálfu félagsins, ásamt skilyrði um samþykki lánanefndar, teljist ekki uppfylla afskráningarskilyrði IAS 39.39.

Með vísan til framangreindrar athugasemdar telur endurskoðendaráðs sýnt að þér hafið í störfum yðar brotið gegn 9. gr. laga nr. 79/2008, þar sem kveðið er á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit. Þá telur ráðið einnig að háttsemi yðar varði við 1. mgr. 8. gr. laganna sem kveður á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum laga og reglna sem um störf hans gilda. Í þessu sambandi bendir endurskoðendaráð á að samkvæmt lögum nr. 79/2008 er endurskoðun óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur og önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.

Það er niðurstaða endurskoðendaráðs að brotið gefi tilefni til beitingar viðurlaga samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008. Endurskoðendaráð veitir yður því hér með áminningu vegna alvarlegrar athugasemdar, sem fram kom við gæðaeftirlit ársins 2015. Telst málinu þar með lokið.